

**TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****2008/EES/44/05****frá 12. janúar 2005**

**um hvað teljist, að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis, hæfilega jafnt aðgengi, í landfræðilegu tilliti, að blýlausu bensíni og dísilolíu með brennisteinsinnihald að tilteknu hámarki (\*)**

(2005/27/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
211. gr.,  
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt d-lið 2. mgr. 3. gr. og d-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE<sup>(1)</sup> ber aðildarríkjunum að tryggja að blýlaust bensín og dísileldsneyti með brennisteinsinnihaldi að tilteknu hámarki fáist á yfirráðasvæðum þeirra á stöðum sem hafa hæfilega jafna, landfræðilega dreifingu.
- 2) Í tilskipun 98/70/EB er einnig kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli semja leiðbeiningar um hvernig beri að skilja í þessu samhengi hæfilega jafnt aðgengi í landfræðilegu tilliti að blýlausu bensini með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg.
- 3) Rétt virðist því að semja þess konar leiðbeiningar einnig fyrir dísileldsneyti með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg.

- 4) Framkvæmdastjórnin hefur metið nokkra kosti. Framkvæmdastjórnin hefur, á grundvelli þeirrar vinnu og að höfðu samráði við aðildarríkin, sérfræðinga frá hlutaðeigandi atvinnugreinum og önnur frjáls félagasamtök, samið slikar leiðbeiningar.

## LAGT TIL EFTIRFARANDI:

Að því er varðar d-lið 2. mgr. 3. gr. og d-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 98/70/EB og einkum að því er varðar hæfilega jafnt aðgengi í landfræðilegu tilliti að brennisteinslausu eldsneyti skulu aðildarríkin beita meginreglunum sem settar eru fram í viðaukanum.

Gjört í Brussel 12. janúar 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**Stavros DIMAS**framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórd. ESB L 15, 19.1.2005, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 17, 30.3.2006, bls. 7.

(1) Stjórd. ESB L 350, 28.12.1998, bls. 58. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjórd. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

**VIDAUKI****Leiðbeiningar um hvað teljist hæfilega jafnt aðgengi í landfræðilegu tilliti að því er varðar d-lið 2. mgr. 3.gr og d-lið 1. mgr. 4 gr. tilskipunar 98/70/EB****1. SKÝRING Á HUGTÖKUM SEM NOTUÐ ERU Í PESSUM LEIÐBEININGUM**

Brennisteinslaust eldsneyti: blýlaust bensín og dísileldsneyti sem inniheldur 10 mg/kg (milljónarhluta) af brennisteini eða minna.

Eldsneytisstöðvar eða eldsneytisafgreiðslustaðir: stöðvar, sem stunda smásolu eða eigin stöðvar atvinnufyrirtækja, þar sem eldsneyti er afgreitt á ökutæki (eins og skilgreint er í EN 14274:2003).

**2. ÁHRIFAPÆTTIR**

Aðildarríkin þurfa tiltekinn sveigjanleika til að tryggja aðgengi að brennisteinslausu eldsneyti þar eð markaðsaðstæður og grunnvirki aðfanga eru mismunandi eftir ríkjum. Hafa skal eftirfarandi þætti í huga:

**1. Strjálbyli**

Á stórum, strjálbýlum svæðum er líklegt að eldsneytisstöðvarnar séu fáar og smáar (með tilliti til afgreidds magns eða dælufjölda) og að stórar stöðvar sé helst á finna á þéttbýlli stöðum. Taka ber tillit til þess að lengra er milli eldsneytisstöðva og til þess að núverandi grunnvirki leyfi hugsanlega ekki að boðið sé upp á eldsneyti með mismunandi brennsteinsinnihaldi.

**2. Péttbýli**

Á þéttbýlum svæðum er líklegt að eldsneytisstöðvar séu almennt stærri (með tilliti til afgreidds magns og dælufjölda) og að þær séu fleiri og því nær hver annarri. Í því tilviki er líklegra að grunnvirkið leyfi að boðið sé upp á eldsneyti sem er mismunandi að gæðum og einnig er hugsanlegt að fjölgum megi eldsneytisstöðvunum í áföngum.

**3. Markaðir á litlum eyjum**

Líklegt má telja að markaðir á litlum eyjum eigi við sama vanda að etja og strjálbýl svæði, auk þess sem hugsanlegt er að markaðurinn byggist á færri birgjum (kannski aðeins einum) eða að fjöldi stórra birgðastöðva sé takmarkaður (eða stöðin sé aðeins ein).

**3. ALMENNAR LEIÐBEININGAR**

Samkvæmt 8. gr. tilskipunar 98/70/EB ber aðildarríkjunum skylda til að veita grunnupplýsingar um hve mikið selst í hverju aðildarríki af brennisteinslausu, blýlausu bensíni og dísilolíu.

Í leiðbeiningunum eru settar fram fjórar matsviðmiðanir sem framkvæmdastjórnin hefur bent að séu sérlega gagnlegar við að skilgreina hæfilega jafni aðgengi í landfræðilegu tilliti að brennisteinslausu eldsneyti, að því er varðar d-lið 2. mgr. 3. gr. og d-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Í tveimur ítarlegum aðalvalkostum, A og B, eru skýrari og nákvæmari upplýsingar um aðgengi að brennisteinslausu eldsneyti í landfræðilegu tilliti. Almennt má gera ráð fyrir að aðildarríkin velji annaðhvort valkost A eða B en ekki báða samtímis.

Og í valkostum C og D, sem eru ekki jafnitarlegir enda aukavalkostir, eru upplýsingar um aðgengi á tilteknum svæðum.

Þess ber að geta að valkostirnir, sem hafa verið lagðir fram, kunna að skipta minna máli ef miklu aðgengi er náð, t.d. hjá 60–80% allra stöðva. Í slíkum tilvikum er hugsanlega ekki þörf að meta árangur landsstefnunnar mjög nákvæmlega á hverju svæði fyrir sig. Prósentulan fyrir valkost D kann að vera lítið eitt hærri, allt eftir því hvernig aðstæður eru.

Hvað sem öðru liður bendir munurinn á aðstæðunum við innleiðingu brennisteinslauss, blýlauss bensíns og brennisteinslausrar dísilolíu til þess að greiningin þurfí að fara fram í tvennu lagi.

Aðildarríkin geta valið þær aðferðir sem þau telja henta best til að gera brennisteinslaust eldsneyti aðgengilegt á landsvísu. Þó er mælt með því að aðildarríkin vegi og meti valkostina, sem hér eru lagðir fram, áður en þau taka ákvárdanir um ráðstafanir sem henta best til að stuðla að framkvæmdinni í þeirra eigin landi. Fjallað er um sérstök tilvik í 4. lið.

3.1. *Valkostur A: Hlutfall eldsneytisstöðva, þar sem brennisteinslaust eldsneyti er fáanlegt, reiknað eftir svæðum*

3.1.1. **Viðmiðun**

Fjöldi og hundraðshlutri eldsneytisstöðva fyrir blýlaust bensín og dísilolíu á landsvísu þar sem brennisteinslaust eldsneyti er fáanlegt (við lok hvers skýrslugjafarárs), samkvæmt sundurliðun eftir svæðum á þriðja stigi í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) Hagstofu Evrópubandalaganna.

Eftirfarandi einingar eru notaðar í þessari viðmiðun:

- a) fjöldi eldsneytisstöðva,
- b) hundraðshlutri eldsneytisstöðva þar sem brennisteinslaust eldsneyti er fáanlegt.

3.1.2. **Gagnsemi**

Kosturinn við þessa viðmiðun er sá að hún gefur skyra vísbindingu um hvort aðgengi að brennisteinslausu eldsneyti eftir landsvæðum sé nægilegt til að tryggja nokkuð jafna dreifingu um landsvæðið. Enn fremur hafa NUTS-svæðin þegar verið skilgreind og þau eru notuð í öðrum hagskýrslum Bandalagsins og önnur gögn um NUTS-svæðin (s.s. um ibúafjölda, flatarmál lands o.s.frv.) gera frekari, gagnlega greiningu mögulega.

3.2. *Valkostur B: Meðalfjarlægð milli eldsneytisstöðva þar sem brennisteinslaust eldsneyti er fáanlegt*

3.2.1. **Viðmiðun**

Meðalfjarlægð milli eldsneytisstöðva með annaðhvort blýlaust bensín eða dísilolíu þar sem brennisteinslaust eldsneyti er fáanlegt. Í því felst að reikna skal út meðalfjarlægð á landsvísu, ásamt hámarks- og lágmarksfjarlægð, milli eldsneytisstöðva þar sem brennisteinslaust eldsneyti er afgreitt (fyrir blýlaust bensín og dísilolíu hvort í sínu lagi). Einnig kann að reynast gagnlegt að bera þá fjarlægð saman við meðalfjarlægð á landsvísu fyrir allar eldsneytisstöðvar.

3.2.2. **Gagnsemi**

Kosturinn við þessa viðmiðun er sá að hún gefur hugmynd um það hversu mislangt eigendur ökutækja, sem þurfa á brennisteinslausu eldsneyti að halda, verða að aka innanlands til að fylla á bíla sína. Samanburður við meðalfjarlægðina á landsvísu fyrir allar eldsneytisstöðvar setur viðmiðunina í betra samhengi við sérstakar aðstæður í hverju landi.

3.3. *Valkostur C: Aðgengi að brennisteinslausu eldsneyti á stórum eldsneytisstöðvum*

3.3.1. **Viðmiðun**

Fjöldi og heildarhundraðshlutri stórra eldsneytisstöðva í landinu þar sem brennisteinslaust, blýlaust bensín eða dísilolia eru fáanleg. Aðildarríkin skulu skilgreina stórar eldsneytisstöðvar á grundvelli lágmarksmagns eldsneytis í milljónum lítra sem þær afgreiða á ári, eftir því sem við á um aðstæður í hverju landi (t.d. kunna u.p.b. 5% allra eldsneytisstöðva að falla þar undir).

3.3.2. **Gagnsemi**

Stórar eldsneytisstöðvar eru á svæðum þar sem eftirlægðin er mikil og þessi viðmiðun er því gagnlegur mælikvarði á aðgengi að brennisteinslausu eldsneyti á slíkum svæðum. Líklegt er að þessar stöðvar séu nokkuð jafndreifðar um landið og einnig ætti að vera tiltölulega auðvelt að nota viðmiðunina.

3.4. *Valkostur D: Aðgengi að brennisteinslausu eldsneyti á eldsneytisstöðvum við þjóðvegi/hraðbrautir*

3.4.1. **Viðmiðun**

Fjöldi og heildarlutfall eldsneytisstöðva við aðalvegi og þjóðvegi/hraðbrautir í landinu þar sem brennisteinslaust blýlaust bensín eða dísilolia eru fáanleg. Aðildarríkin skulu skilgreina aðalvegi eða þjóðvegi/hraðbrautir, eftir því sem við á.

3.4.2. **Gagnsemi**

Viðmiðunin er sérstaklega gagnleg með tilliti til gegnumferðar og ferðaþjónustu þar sem hún er mælikvarði á aðgengi við helstu umferðaræðar. Einnig er líklegt að þessar stöðvar séu nokkuð jafndreifðar um stóran hluta landsins, þótt þær tengist einkum stórum þéttbýlisstöðum.

**4. SÉRSTÖK TILVIK**

Í sumum tilvikum getur verið að aðildarríkin þurfí hvorki að nota að fullu aðalvalkostina né aukavalkostina til að sýna á fullnaðgjandi hátt hvert aðgengið að brennisteinslausu eldsneyti er með tilliti til landfræðilegrar dreifingar vegna þess að þau hafa gripið til tiltekenna ráðstafana eða vegna sérstakra aðstæðna í þeim. Tvö slík tilvik má sjá fyrir sér þar sem takmarkaðra mat á árangrinum af landsbundinni stefnu kann að vera við hæfi:

1. brennisteinslaust, blýlaust bensín eða dísilolía fæst mjög víða eða markaðurinn í landinu hefur skipt alveg yfir í brennisteinslaust, blýlaust bensín eða dísiloliú,
2. aðeins ein birgðastöð/birgir er fyrir aðildarríkið eða takmarkaðan eyjarmarkað. Í þessum tilvikum er eftirfarandi, takmarkaðri greining við hæfi.

**4.1. *Mjög gott aðgengi eða umbreyting á markaði***

Í tilvikum þar sem ráðstafanir, sem aðildarríkin hafa gert, tryggja mjög gott aðgengi eða umbreytingu á markaði á landsvísu (t.d. 60–80% eldsneytisstöðvanna eða sölunnar) nægir hugsanlega að nota aðeins grunnupplýsingarnar um hlutfall (magn) brennsteinslauss eldsneytis af heildarsölu og gögn um blýlaust bensin eða dísiloliú á landsvísu, eftir því sem við á.

Þetta góða aðgengi eða umbreyting á markaði kann að hafa náðst á margvíslegan hátt. Þetta gæti hugsanlega verið fölgjöld:

- a) samkomulagi innan atvinnugreinarinnar þar sem framboð á brennisteinslausu eldsneyti er tryggt á meginþorra eldsneytisstöðva,
- b) beitingu efnahagshvata til að auðvelda markaðnum að skipta að mestu leyti yfir í brennisteinslaust eldsneyti,
- c) að gert verði skyldt að skipta aðgengi eða brennisteinslausu eldsneyti á eldsneytisstöðvum.

**4.2. *Markaðir með einni birgðastöð/eyjarmarkaðir***

Í aðildarríkjum, þar sem aðeins er ein birgðastöð eða þar sem skilyrði eyjarmarkaðar ríkja, gæti aðgengi að brennisteinslausu eldsneyti aukist hratt og orðið mjög gott eða jafnvæl orðið 100%. Þetta gæti því valdið því að það yrði síður fýsilegt að beita valkostum A til D á þessum tilteknu svæðum, allt eftir aðstæðum á hverjum stað.